



-Vogur-

Útstöð í Höfnum, Reykjanesbæ

Skýrsla VI



Bjarni F. Einarsson
2014

Forsíðumyndin sýnir mannvirki 4 fremst á myndinni og hús 3 á bak við. Á milli þeirra er torf, mannvirki 5. Efst sést í skálann, hús 1 (Horft mótt NV. Stafrænar myndir nr. 507. Ljósm. BFE).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Desember 2014

Efnisyfirlit

1 Inngangur	Bls.	4
2 Uppgröftur	-	5
3 Rannsóknin	-	5
3.1 Hús 3	-	7
3.2 Mannvirki 4	-	12
3.3 Mannvirki 5	-	14
3.4 Gripir 2014	-	15
4 Greiningar	-	15
4.1 Viðartegundagreiningar	-	15
4.2 Gjóskugreiningar	-	16
4.3 Rostungar og C-14 greining	-	16
4.4 Fitusýrugreiningar	-	16
5 Niðurstaða	-	17
6 Heimildir	-	17
7 Tæknilegar upplýsingar	-	19
8 Dagbók	-	20
9 Skrár	-	21
9.1 Fundaskrá 2014	-	22
9.2 Sýnaskrá 2014	-	28
9.3 Stafrænar ljósmyndir 2014	-	39
9.4 Teikningaskrá 2014	-	58

Fylgirit:

I Skýrsla um greiningar á viðartegundum, dr. Ólafur Eggertsson	Bls.	62
II Tephrochronology	-	63
III Fitusýrur	-	64

1 Ingangur


Sumarið 2013 var áætlað að yrði síðasta sumar rannsókna í Vogi og var það fjórða eiginlega upptímkun verkefnisins. En það hófst 2001 þegar skálans varð fyrst vart á loftmynd í eigu sveitarfélagsins og þegar prufuholar voru grafnar síðla árs 2002, en í framhaldi af þeim voru jarðsjármælingar gerðar snemma árs 2003. Í ljós kom á síðustu dögum rannsókna síðastliðið sumar að ekki var hægt að klára verkið í betta sinn eins og stefnt var að.

Verkið er að venju unnið í samstarfi við Reykjanesbæ. Dr. Ólafur Eggertsson, viðarfræðingur, sá um viðargreiningar á viðarkolasýnum og dr. Þorvaldur Þórðarson jarðfræðingur hefur séð um greiningar á gjósku úr sniðum en til þess kom ekki að þessu sinni. Báðir aðilar eru einnig samstarfsaðilar verkefnisins. Reykjanesbær sá um fæði og húsnæði á rannsóknartímanum og stóð straum af kostnaði vegna forvörlu. Fornleifafræðistofan bar ábyrgð á rannsókninni og lánaði tæki og tól sem nauðsynleg voru fyrir rannsóknina. Fornleifafræðistofan annaðist einnig forvörluna.

Eftirfarandi einstaklingar tóku beinan þátt í rannsóknunum auk undirritaðs; Ármann Guðmundsson og Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingar, og fornleifafræðinemarnir Ármann Dan Árnason, Viktoría Halldórsdóttir og miðaldafræðinenninn Oliver Organista. Seinni hluta tímabilsins bættis Kevin McAleese fornleifafræðingur hjá Þjóðminjasafni Nýfundnlands við hópinn. Tveir þeir síðastnefndu voru sjálfboðaliðar við rannsóknirnar. Rannsóknin stóð yfir frá 26. maí -13. júní 2014.

Sigrún Ásta Jónsdóttir forstöðukona Byggðasafns Reykjanésbæjar sá um undirbúning í Reykjanésbæ, svo sem matarinnkaup o.b.h.

Styrkir til rannsóknanna fengust úr



Mynd 1. Blár hringur sýnir staðsetningu Vogs í Höfnum. (Suðvesturland 2009. Viðbót BFE).

Fornminjasjóði, Menningarsjóði Suðurnesja og frá Reykjanesbæ. Fornleifafræðistofan lagði til úrvinnslu og skýrslugerð að hluta. Sveitarfélagið og Byggðasafnið sáu um fæði, húsnæði, forvörslu og vélgröfu, úthagatorf auk þess sem það sá um ýmsar reddingar.

Um aðdraganda rannsóknanna og ýmsar hugmyndir og tilgátur er annarsvegar vísað til skýrslu frá 2004 (Bjarni F. Einarsson) og hins vegar til greinar sem skrifuð var í bókina *Fjöruskeljar*, rit sem Árnastofnun gaf út (Ibid 2011).

Vinnufélögum mínum, styrktaraðilum og öllum þeim sem komið hafa að rannsóknunum á einn eða annan hátt færi ég mínar bestu þakkir. Veður í Höfnum lætur ekki að sér hæða hæða, vindurinn verður smám saman vinur manns en erfiðara er að lynda við rigninguna, sérstaklega þegar hún blandar geði við vindinn.

Um staðhætti sjá fyrri skýrslur.

2 Uppgröftur

Notað var sama hæða- og hnitakerfi og áður hefur verið lýst í fyrri skýrslum. Númer gripa var í beinu framhaldi af fyrri númerakerfum frá fyrri árum. Sama á við um aðra lista eða skrár svo sem ljósmyndir og sýni. Teknar voru stafrænar myndir en ekki litskyggjur eins og í upphafi rannsóknanna, en slíkar filmur eru nú orðnar nær ófáanlegar. Allir gripir voru fyrst ljósmyndaðir á vettvangi (öryggismyndir). Þeir voru svo aftur ljósmyndaðir í tengslum við forvörluna í sérstöku ljósmyndaboxi þegar við átti.

Flogið var með flygildi yfir staðinn í þrígang og hann ljósmyndaður og kvíkmyndaður. Um fyrsta og síðasta flugið sá Egill Íbsen um, en í millitiðinni flaug Vilhjálmur Hallgrímsson yfir rústirnar.


Rannsóknarfletinum var fyrst skift niður í A-C svæði, en það var aðeins gert í hagræðingarskyni og eftir að rannsókn lauk var þessi nálgun þurrkuð út.

Teiknað var eitt snið þvert á jarðhýsið (mannvirki 3) í mælikvarðanum 1:20, til að greina hvort jarðhýsið hafi verið notað sem ruslahola eftir að upphaflegu hlutverki þess lauk eins og þekkt er varðandi önnur jarðhýsi á Íslandi. Annar möguleiki var að í jarðhýsið hefðu mannvistarlagsslettur slæðst eftir fyrri notkun, en hafi ekki verið beinlínis rusl/aska úr húsum. Snið þetta var grafið eftir að búið var að grafa burtu megnið af jarðögum síðastliðið sumar og því er niðurstaðan ekki eins ákveðin og hún hefði getað orðið hvað þetta varðar.

Aðrar teikningar voru teiknaðar í sama mælikvarða og áður nema ein af meintri stoðarholu sem teiknuð var í mælikvarðanum 1:5.

3 Rannsóknin

Markmið rannsóknanna nú var að klára hús 3 og kanna hvort fleiri hús kynnu að leynast í nágrenni þess. Einnig stóð til að kanna í sniðum niður við sjó hvort þar kynnu að leynast mannvistarleifar sem gætu verið samtíða minjunum í Vogi. Í ljós kom að jarðvegur við sjóinn er svo hreifður í seinni tíð og jarðefni flutt á staðinn í þvílíku magni að ekki var hægt að kanna hvort



Mynd 2. Yfirlitsteikning af öllum mannvirkjum og prufuholum (nema túngarði) sem rannsökuð hafa verið í Vogi. Prufuholar G og H voru þar sem hús 2 og 3 eru nú.

þarna kynnu að leynast forn mannvistarlag eða mannvirki. Til að gera slíkt þarf vinnuvélar og fjarlægja mikil magn af jarðvegi, en það er ekki gerlegt nú einkum vegna fyrirliggjandi húsa. Komi að jarðvegsframkvæmdum á svæðinu væri áhugavert að skoða í snið í þessu tilliti.

Svæðið sem opnað hafði verið í Vogi sumarið áður var nú opnað aftur til að halda áfram þar sem frá var horfið, en einnig voru svæði nær allt um kring opnuð til að freista þess að finna annað jarðhýsi á staðnum. Í fyrsta lagi voru mjög veikar vísbendingar í jarðsjármælingargögnum um að slíkt gæti verið tilfellið rétt suðaustan við jarðhýsið og í öðru lagi finnast stundum jarðhýsi fleiri en eitt nálaegt skálum eins og á Grelutóttum í Arnarfirði, Hvítárholti í Biskupstungum og á Granastöðum á Eyjafjarðardal.

Nokkra metra SSA við jarðhýsið voru steinar í yfirborðinu sem varð að athuga nánar enda voru þeir einmitt þar sem vísbendingarnar voru. Þar var mannvirki 4.

Enn á ný var snið grafið í gegnum túngarðinn til að kanna til hlýtar hvort gjóskulög kynnu að varpa betra ljósi á aldur hans. Því miður voru engin ný gjóskulög í sniðinu sem að gagni gátu komið.

3.1 Hús 3

Hús 3 fannst í lok rannsókna síðastliðið sumar, þótt vísbendingar um það hafi sést sumarið 2011 án þess að þær hafi verið teknar til greina þá. Prh. H hafði verið grafin í utanvert húsið og þá var steinaröð túlkuð sem hluti af stétt sem lá frá húsinu í átt að hliði á túngarðinum (Bjarni F. Einarsson 2009:7). Eftir að í ljós kom að um hús væri að ræða en ekki stétt var það talið vera frekar illa gert geymsluhús sem varla gat hafa haft eiginlegt þak og talið að lítið hafi verið eftir af því þegar rannsóknum lauk sumarið 2012. Annað kom þó heldur betur í ljós þegar leið á rannsóknina 2013.

Í skýrslu IV kemur fram að mannvistarlagsslettur hafi fundist ofarlega í fyllingu hússins og bendir það sterklega til þess að húsið tilheyri allra fyrsta skeiði mannvistar á staðnum. Er jafnvel hægt að álykta sem svo að þetta sé fyrsta húsið sem byggt hafi verið og það hafi verið aflagt áður en staðurinn



Mynd 3. Flís úr rostungs- eða búrhvalstönn fundin í fyllingu jarðhýsisins. Ekki er hægt að greina vinnsluspor svo að öruggt sé (Fnr. 268).



Mynd 4. Unninn sandsteinn. Slípuð hefur verið skora yfir næri allan sléttan flötinn. Hugsanlega er þetta steypumót, kola þó lítil sé eða slípisteinn fyrir beinnálar. Ef þetta var kola var eldsneytið ofan í rásinni og kveikur eða kveikir við báða enda (Fnr. 288).



Mynd 5. Yfirlit yfir nær fullrannsakað jarðhýsið. Eftir er að grafa neðsta hluta gólfssins, sem einkum var að finna í húsinu sunnanverðu, nálægt eldstæðunum og við hluta af austurvegg. Fremst má sjá rýmið sem afmarkast af hellum á rönd. Hægra megin við það er eldstæðið í horni hússins og skammt ofan við það grillir í minna eldstæðið. (Stafr. myndir nr. 443. Mót SA. Ljósm. BFE).

var endanlega úr brúki. Sú staðreynd að veggir hússins voru mun verr farnir en veggir skálans styður þessa skýringu. Þegar neðar dró í fyllingu hússins komu fleiri mannvistarlög í ljós sem virtust hafa mismikla útbreiðslu í húsinu og þannig var það alveg niður að gólfí. Spurningin er hvort þessi mannvistarlög séu leyfar öskuhaugs eða hvort þau hafi fokið ofan í holu sem þarna hefur verið lengi eftir að húsið fíll úr notkun. Jarðhýsi sem enduðu sem ruslaholur eru t.d. á Granastöðum (Bjarni F. Einarsson 1995) og á Hofstöðum (Lucas 2009:100). Ef um ruslaholu hefði verið að ræða mætti vænta þess að finna gripi í einhverju magni og að lögin væru bærilega þykk, en svo var ekki. Þau voru öll þunn og fáir gripir fundust í fyllingunni. Athyglisvert er að sumarið 2013 fundust aðeins sex gripir og voru þeir litlir og margir léttir eins og tveir vikursteinar og



Mynd 6. Stærra eldstæðið nær fullrannsakað. Eftir er að grafa megin fyllinguna til hálfss. Soðsteinar hafa verið fjarlægðir. (Stafr. myndir nr. 446. Mót V. Ljósm. BFE).

hismi af bláskel bera vitni um. Því er það allt eins líklegt að fokið hafi ofan í holuna í tímanna rás, en ekki verið kastað meðvitað ofan í hana.

Ytri stærð hússin, með torfveggjum er $4,20 \times 5,30$ og snéri það NV - SA. Innri stærð þess var $2,40 \times 3,42$ m. Sjálfur niðurgröfturinn var lítilega minni eða $2,30 \times 3,40$ m.

Veggirnir voru slitróttir og nær horfnir við NV-gaflinn og á stórum hluta við NA-langvegginn. Veggurinn hefur verið byggður með ytri og innri línum úr grjóti og torfi, eða mold í kjarna á milli steinaraðanna. Úr því verður vart skorið vegna þess að nær ekkert var eftir af kjarnanum, en þó komu dálitlar leifar af torfi í ljós í veggjunum og voru í þeim sandlinsur. Breidd veggja er $0,7 - 1,02$ m og aðeins ein steinaröð við rótina.

Ekki reyndist unnt að staðsetja dyrnar. Þótt svo virðist sem þær kunni að hafa verið á NV-gaflí β á mælir staðsetning eldstæðisins mjög gegn því. Annar mögulegur staður er á miðjum NA-langvegg.

Talsvert var af grjóti inni í rústinni, ofan á fyllingunni, sem bendir til þess að grjótið sé upprunnið úr veggjum hennar. Þó er greinileg röð af hellum á rönd út við NV-gaflinn sem ekki hafa fundist í öðrum íslenskum jarðhýsum svo að vitað sé. Dálitið minnir þetta þó við fyrstu sýn á rennu eða þró sem fannst í einu jarðhýsanna í Hvítárholti (Þór Magnússon 1973:13). Ekki er þetta þó renna í járhýsinu í Vogi, heldur einhverskonar þró eða afstúkað rými þar sem hægt var að geyma eldivið eða annað sem ekki skildi eftir sig nein ummerki.

Í vesturhorni hússins var eldstæði, $0,62 \times 0,64$ m stórt þar sem það var sem stærst (NA-SV) og umhverfis það var talsvert af soðsteinum. Voru hellur á allar hliðar, sumar lábarðar, nema þeirri hlið sem snéri inn í húsið, eins og „reglan“ segir til um. Snéri opið á eldstæðinu á ská inní rýmið. Ekki var heldur nein botnhella neðst í eldstæðinu. Í eldstæðinu og utan við það var mikið magn af soðsteinum.

Innri mál eldstæðisins voru $0,30 \times 0,48$ m. Eldstæðið virtist mjög ofarlega í húsinu þegar fyrst var komið niður á það, jafnvel undarlega ofarlega miðað við dýptina niður á gólfíð eins og hún var áætluð í fyrstunni. Í raun var botn eldstæðisins aðeins 6 sm hærri en botninn fyrir framan eldstæðið þegar rannsókn lauk. Reyndist því eldstæðið vera býsna hátt upp úr gólfinu eða 0,47 m þar sem mestur munurinn var. Var upphaflega fyllingin í því lagskipt þar sem skiftust á svört lög í bland við laxableik lög. Þetta var mest áberandi rétt ofan við botninn. Ofan á þessu var áfok. Yfir eldstæðinu hefur svo verið yfirliggjari sem var mjög sótugur á annarri hliðinni. Lá hann í þremur brotum ofan í eldstæðinu.



Mynd 7. Minna eldstæðið í jarðhýsinu. Veggurinn er efst á myndinni. Naglarnir sýna pinnaholur. (Stafr. myndir nr. 512. Mót SV. Ljósm. BFE).




Mynd 8. Jarðhýsið fullrannsakað. Nú sést auk hins afmarkaða rýmis fremst á myndinni og eldstæðin tvö, hraunhellan framan við eldstæðin. Á bak við má sjá hluta af mannvirki 4. (Stafr. myndir nr. 481. Mót SV. Ljósm. BFE).

Minna eldstæði var austarlega við suðurvegginn, 0,32 x 0,54 m stórt (NV-SA). Var það myndað af bakkanum sjálfum að suðvestanverðu og framan við það, rétt inn á gólfíð var aflöng lábarinn hella á rönd. Að norðvestanverðu voru tveir steinar (annar gat verið fallin hella) sem lokaðu eldstæðinu í þá áttina, en í suðaustur var eldstæðið opið. Ekki voru soðsteinar við þetta eldstæði.

Í stærra eldstæðinu var, auk viðarkola, talsvert af áberandi kolasalla (eins og dropar) sem þó er ekki viðarkol, heldur eitthvað annað sem hefur brunnið. Er það sagt vera glerjað efni en þó ekki úr við. Gæti það bent til þess að hér hafi einhver sérhæfð starfsemi átt sér stað. Er þetta tjara, lím, grautur eða eitthvað annað? Mikilvægt er að greina þetta sýni, þó síðar verði.

Ein meint stoðarhola var austast í húsinu, aðeins norðan við miðlinuna. Var hún 0,18 m í þvermál og aðeins 0,11 m djúp. Hún var ekki steinfóðruð en fyllingin einsleit mold með einstaka viðarkolamolum og fáeinum brenndum beinum. Þessi hola var síðan afskrifuð sem stoðarhola vegna staðsetningar hennar og vegna þess hve grunn hún var. Að minnsta kosti 21 pinnaholur voru á gólfinu sem dreifðust ójafnt yfir það. Ein þeirra var í hinni meintu stoðarholu, þrjár voru á afmörkuðum stað við eða jafnvel í minna eldstæðinu í húsinu, fimm á afmörkuðum stað framan við stærra eldstæðið og afgangurinn einkum nyrst í húsinu á frekar stóru svæði. Pinnaholur eru regla frekar en undantekning í íslenskum jarðhýsum.



Mynd 9. Jarðhýsið fullrannsakað (hús 3). Gólfíð náði undir helluröðina nyrst í húsinu, en er ekki sýnt hér. Kolasalli í eldstæðum er rústrauður og svartir punktar sýna pinnaholur. Myndir sýnir vel hvernig stærra eldstæðið snýr á ská inn í húsið. Mikið vatnar af steinum sem hafa verið í veggnum, bæði að innan og utan. Sumir þeirra lágu í fyllingu hússins, en aðrir voru á burtu.

Gólfíð var að mestu leyti hefðbundið gólf í vistarverum fólks, svart og fullt af viðarkolum, brenndum beinum, ösku, sóti og lífrænum leifum. Þykkt þess var mest 11 sm þar sem það var þykkast fyrir framan stærra eldstæðið. Afmarkaðist gólfíð að mestu leiti við vestur- suður- og austurhluta hússins, en með því að norðanverðu var autt svæði sem gólfíð náði ekki yfir (sjá mynd 4). Þar gætu hafa verið pallar eða bekkir. Efst í gólfinu mátti greina þrjú mislit góflög. Austast við gaflinn var laxableikt gólf sem gæti hafa tengst minna eldstæðinu. Var það mjög afmarkað í horninu, en annars voru jarðlög við gaflinn mjög laus í sér þar sem gólfíð náði ekki. Þessi laxableiki litur á góflaginu sást einnig framan við stærra eldstæðið, en var þar bæði óreglulegra í laginu og stærra. Norðan við minna eldstæðið var mjög áberandi kolaríkt svart lag. Líklega á það tilvist sinni minna eldstæðinu að þakka. Þegar neðar dró í gólfinu varð það einsleitara á litinn, eða dökk grátt, allt að því svart.

Dýpst var húsið í miðjunni og hallaði því upp á allar hliðar. Mesta dýpt þess var 0,54-0,59 m. Neðst var hraunhella sem náði yfir um helming hússins og líklega var það hennar vegna að húsið var ekki dýpra en raun bar vitni, en jarðhýsi „eiga“ að vera dýpri, eða allavega niður fyrir frostið (sem gæti verið 0,5-0,6 m á þessum stað).

Húsið minnir mjög á jarðhýsið á Hofstöðum í Mývatnssveit (Lucas 2009), tvö jarðhýsi á Grelutóttur (Guðmundur Ólafsson 1980), sum jarðhýsanna í Hvítárholt (Pór Magnússon 1973) og lítillega á meinta kirkju á Geirsstöðum í Hróarstungu (Steinunn Kristjánsdóttir 1997). Þá er átt við að utan um sjálfan niðurgröftinn (holuna) var veggur úr torfi ofan á upprunalega yfirborðinu, en að auki var grjót í veggjum hússins frá Vogi en ekki í hinum tveimur. Þetta eru einu jarðhýsin á Íslandi með torfvegg utan um sem stendur á hinu upprunalega yfirborði. Þessi háttur er afar sjaldgæfur á Norðurlöndum. Eitt annað jarðhýsi á Íslandi er með torfvegg, en það er á Granastöðum. Sá veggur liggur upp af gólfínu inni í jarðhýsinu, en slíkt þekkist ekki á Íslandi né annarsstaðar á Norðurlöndum (Bjarni F. Einarsson 1992).

Tekin voru samtals 54 jarðvegsýni og önnur sýni úr jarðhýsinu. Þar á meðal voru 20 viðarkolasýni, eitt sýni úr koluðu efni, en önnur sýni voru til að greina fjórkorn, fræ, gjósku og fitusýrur eftir atvikum. Öll viðarkolasýni, voru greind af dr. Ólafi Eggertssyni hjá Skógrækt ríkisins (sjá fylgirit I). Fitúsýrur voru greindar af dr. Birni Viðari Aðalbjörnssyni hjá Matís hf (sjá fylgirit III).

Öll viðarkolasýnin voru send í greiningu utan eitt sem var of ofarlega í moldum til að slíkt gagnaðist. Í sýnum fundust útlensk laufté og barrviður (greni og lerki), reynir, íslenskt birki og íslenskur einir og íslenskur víðir og krækiberjalyng og hugsanlega bláber. Í stærra eldstæði fannst t.d. viður úr reyni, barrviði, birki/víði, krækiberjalyngi og hugsanlega úr bláberjalyngi, auk þess var sýni sem lýst var sem glerjuðu efni en þó ekki úr við. Framan við eldstæðið var tekið sýni og við greiningu kom í ljós eitthvað sem stungið var upp á að væri tað eða mó. Hvorugt er líklegt og líta ber á sýnið sem óupplýst. Í fyrsta lagi er því sem næst engan mó að finna á svæðinu og í öðru lagi er ekkert sem bendir til þess að skepnur hafi verið hafðar á staðnum. Í minna eldstæðinu fannst viður úr erlendum barrvið og enginn annar viður.

Við húsið höfðu áður fundist fiskibein (nr. 220, 245 og 246). Nú fundust í húsinu gripir undir 16 númerum. Þeir voru; einn svartur vikursteinn (nr. 266) í torfvegg, einn ljós unninn vikursteinn (nr. 267) í fyllingu hússins, tvö hismi af bláskel (nr. 272 og 280), flaga úr rauðum jaspis (eldsláttusteinn?), tveir járnolar og tvær þynnur eða hausar af nagla (nr. 273, 274 og 277 og 287) og tveir naglar (nr. 276 og 283). Einnig fundust brot úr tönn sem er annaðhvort úr hval eða rostungi (nr. 268), en aðeins var um lítið brot að ræða sem var flagnað eins og vænta má. Að lokum fannst sandsteinn með slípaðri rás (nr 288, sjá mynd 4). Þrjú númer voru yfir bein og þar á meðal voru lítil fuglabein.

Athyglisverðasti gripurinn var flísin úr rostungs- eða búrhvalstönn og gaf hann fyrirheit um að slíkir gripir gætu fundist neðst í húsinu, en sú von brást algerlega eins og gripategundir þær sem fundust segja til um.

3.2 Mannvirki 4

Eins og fram hefur komið voru veikar vísbendingar um að mannvirki kynnu að leyhnast suðaustur af skálanum og þau tvö frekar en eitt og var jarðhýsið eitt þessara. Því var ákveðið að opna stærra svæði suðaustur af jarðhýsinu og kanna hvaða vísbendingar voru þar. Reyndist ekki aðeins um vísbendingar að ræða, heldur var þar staðfest mannvirki, sem nú heytir mannvirki 4. Ekki reyndist unnt að klára mannvirkið þetta summar, en það verður gert á sumri komanda að öllu óbreyttu.


Þegar mokað var ofan af mannvirkinu voru það steinar sem gáfu til kynna að barna væri mannvirki eins og vísbendingar bentu til og hringlaga rönd á yfirborðinu austan við grjótið og þvervegg í mannvirkinu sem gaf til kynna niðurgröft. Þegar neðar dró reyndist mannvirkið vera perulaga með þvervegg þvert yfir þar sem það var hvað breyðast. Verður nú mannvirkinu lýst eins og það kemur fyrir á þessu stigi málsins.

Mannvirkið er grafið niður í yfirborðið og er allavega 0,48 m djúpt, en líklega dýpra. Stærð þess er 2,14 m á breidd þar sem mest var og 4,04 m á lengd. Þvert á mannvirkið er grjótveggur sem skiftir því í vestari- og austari hluta. Mikið magn af grjóti var í vestari hluta mannvirkisins sem virðist ná alla leið niður á botninn. Í eystri hlutanum var nánast ekkert grjót.

Ekki var mikill munur á mannvistarlaginu sem fyllti mannvirkið sín hvoru megin við þvervegginn, en þó var ákveðinn blæbrigðamundur. Var lagið þéttara að austan og því voru aðeins meira áberandi viðarkolaskellur. Í öllum mannvistarlögunum voru viðarkol, brennd bein og torfflyksur á stöku stað. Upp við þvervegginn að vestanverðu var mannvistarlagið nokkuð sendnara en annarsstaðar. Vestast voru grænleitar skellur og virtist lagið vera feitara þar. Í austurhluta var appelsínugul sletta upp við þvervegginn. Ekki er gott að átta sig á þessum mismunandi litaafbrigðum, nema að þau skýrist af hlutverki holunnar sem nú er talið að hafi verið til að geyma matvæli af ýmsum toga til lengri tíma. Heytið matarhola gæti átt við eða matargeymsluhola.



Mynd 10. Svona leit mannvirki 4 út þegar fyrsta hreinsun var yfirlaðin. Sjá má grjóthrúgu í vestur hluta, þvervegg nálægt miðju og hringlaga rými austan við þvervegginn. Svarta lagið er miðaldalagið svokallaða frá 1226 og utan um það er mannvistarlag í mannvirkinu. (Stafr. myndir nr. 432. Mót SV. Ljósm. BFE).



Mynd 11. Mannvirki 4 talsvert á veg komið í rannsókninni. Eystir hlutinn er þó fullrannsakaður.

Í austurhluta fundust m.a. leifar af bláskeljum, en slíkt fannst ekki í vestur hlutanum. Fundanúmer frá mannvirkini eru 24 og þar af voru 14 vestan megin í mannvirkini og 10 að austan. Þessir gripir voru vestan megin; einn ógreinanlegur járngrípur (nr. 311), ein járnþynna (nr. 289, líklega haus af nagla?), tvær tennur (jaxlar, nr. 290 og 299), eitt hvalbein (nr. 301), sjö ógreind bein (nr. 294, 302, 303, 304, 307, 309 og 314, þar af tvö leggjarbein), svartur vikursteinn (nr. 295) og einn vaðsteinn (nr. 300).

Í eystri hlutanum fundust; líklegur hnífoddur (nr. 278), ein járnþynna (nr. 296, líklega haus af nagla?), tveir járnteinar (nr. 297 og 298, leggir úr nagla?), tveir ógreinanlegir járnmosalar (nr. 310 og 312), einn steinn sem gæti verið sakka (nr. 305), tvö fundanúmer yfir hismi af bláskel (nr. 306 og 308) og eitt ógreint leggjarbein úr stórgrip (nr. 313).

Samtals voru 17 sýni tekin úr mannvirkini, sjö úr vesturhluta og 10 úr þeim eystri. Af þessum voru fjögur viðarkolasýni og öll úr austur hlutanum, tvö úr austurhlutanum voru til að greina fiskibein og skeltegund, en önnur sýni úr báðum hlutum til að greina frjókorn, fræ og fitusýrur eftir atvikum.

Þrjú viðarkolasýnanna voru greind til tegundar og reyndust þau vera úr birki, barrvið og bláberjum/krækiberjum. Eitt sýnið var ekki viður og stungið upp á að það kynni að vera úr taði eða mó. Sama er um þetta sýni að segja og samskonar sýni úr jarðhýsinu, þetta getur ekki verið mór eða tað.

Fitusýrur fundust í sýnum úr bæði landdýrum og sjávardýrum, plöntum, fræjum, jafnvel úr rót og mjölkurafurð. T.d. fundust í einu og sama sýninu fitusýrur úr kjöti landdýrs, fræjum og jafnvel fiski. Þessi niðurstaða og aðrar fitusýrugreiningar benda til þess að kjöt úr spendýrum á landi og í sjó hafi verið geymd í holunni og með þeim plöntur og fræ. Líklega hafa plöntur og fræ verið notuð til að auka geymsluþol matvælanna eins og þekkt er. T.d. notuðu Samar í N-Noregi kvannarrót til að auka geymsluþol matvæla sem þeir grófu niður í jörðina eða settu ofan í tunnur (Samisk mat 2010:26). Í sama tilgangi var hundasúra notuð, en báðar plönturnar gáfu einnig af sér bragð sem gat verið eftirsóknarvert. Vafalítið var talsverður fjöldi jurta sem hægt var að nota í þessum tilgangi, bæði ýmsar plöntutegundir og viðartegundir. Í því sambandi má nefna krækiberja- og bláberjalyng sem möguleika.

3.3 Mannvirki 5, torfveggur

Á milli jarðhýsisins og mannvirkis 4 var torfveggur sem engar skýringar er hægt að gefa á svo að öruggt sé. Ekki var þetta hluti af húsi. Tvær skýringar koma einna helst til greina. Að torfið hafi verið byggingarefni sem safnað hefur verið á staðinn til seinni tíma notkunar svo sem vegna viðgerða eða breytinga á húsum, eða, að torfið hafi verið notað í tengslum við mannvirki 4 til að fergja matvæli sem þar voru geymd. Hefur þá megin tilgangurinn verið að hefta súrefnisstreymið að matvælunum. Hugsanlega eiga báðar skýringarnar við.

3.4 Gripir 2014

Sumnarið 2014 voru 40 ný fundarnúmer skráð í Vogi og í flestum tilfellum var um einn grip að ræða. Í nokkrum tilfellum var sami gripurinn í nokkrum brotum og bein voru stundum fleiri en eitt undir sama númeri.



Mynd 12. Hér er búið að fjarlægja nokkuð magn af grjóti úr vestari hluta mannvirkisins. (Stafr. myndir nr. 503. Mót NA. Ljósm. BFE).



Mynd 13. Mannvirki 4 eins og það leit út við lok rannsókna. Búið er að grafa niður á dautt í eystri hluta (nær), en talsvert er eftir af þeim vestari. (Stafr. myndir nr. 517. Mót SV. Ljósm. BFE).

Enn eru hismi af bláskel að finnast, en þau eru nú undir samtals 31 fundanúmerum á öllu svæðinu. Jár er enn sem fyrr áberandi í fundaflórunni en nú bættust 18 fundanúmer við og þeirra helstir eru tveir naglar, einn hnífur og hugsanlega einn öngull. Aðrir eru óræðir og ógreinanlegir enda er það algengast að svo sé.

Einn öruggur vaðsteinn (= sakka) með boruðu gati báðum megin frá og tilhoggin á endunum fannst í mannvirkni 4 og annar steinn er talinn geta verið sakka. Eru slíkir gripir þá orðnir sjö (ef gripur sem gæti verið kljásteinn er talinn með), sem er mikið í íslensku landnáms-samhengi. Þessir steinar og skutullinn og meintur öngull benda til sjávarnytja, sem ekki kemur á óvart. Enn sem fyrr eru nær engir gripir sem benda til tóvinnu, en eini snældusnúðurinn sem fundist hefur í Vogi hefur verið hluti af verkfærasetti siglingamanna. Þessi mynd sem griphaflóran sýnir nú mun væntanlega ekki breytast héðan í frá. Hún gæti hins vegar orðið ákveðnari ef stærri svæði utan við húsín yrðu rannsökuð betur. Ekki er hægt að útiloka að útvinnusvæði leynist einhvers staðar í nágrenninu, en slík svæði verða ekki fundin nema með mörgum prufuholum nær sjónum og þá er líklega mestur möguleikinn austan við núverandi bryggju þar sem nú eru tvö stór hús. Þar hefur vörin og uppsátrið líklegast verið og í nágrenni þess hafa menn t.d. gert að afla, verkað hvali/seli og jafnvel haft einhverjar byrgðastöðvar nálægt skipinu/skipunum!



Mynd 14. Vaðsteinn (sakka) sem fannst vestast í vesturhluta mannvirkis 4. Steinninn hefur verið klappaður til svo hann fengi það form sem hann hefur (Fn. 300. Ljósm. BFE).



Mynd 15. Mynd af meintum öngli sem fannst á hlaðinu suðaustur af jarðhýsinu, ofan á mannvirkni 5 (torfvegnum) á milli jarðhýsisins og mannvirkis 4. (Fn.r 275. Ljósm. BFE).

4 Greiningar

4.1 Viðartegundagreiningar

Viðarkolasýni voru send, sem fyrr, til dr. Ólafs Eggertssonar á Skógræktarstöð ríkisins á Móglisá til tegundagreiningar og ákvörðunar um hver þeirra væru heppileg til C-14 greininga í framtíðinni. Eins og í fyrra voru óvenju mörg sýni send í greiningu til að fá betri mynd af því hvaða viðartegundir voru notaðar á staðnum óháð því hver þeirra voru heppileg til C-14 greininga. Hugsanlega geta slíkar niðurstöður varpað ljósi á hvort fólk hafi meðhöndlað

Tegund	Fjöldi	Tegund	Fjöldi
Kljásteinn (sennilega sakka)	1	Brýni (öll erlend)	8
Heinbrýni (öll erlend)	3	Járn (fundanúmer)	72+8
Hismi af blá- eða kúskel (fundanúmer)	28+3	Hnífar (sumir í brotum)	9+1
Naglar	14+2	Sökkur - vaðsteinar	4+2
Perlur (1 úr gleri, 1 úr rafi, hinar úr steini og blýi)	4	Járnþynna-skinna-plata	13+3
Búrhvalstönn	2	Leirtau (úr einum bolla)	2
Unnin bein (fundanúmer)	1	Draglöð	1
Kléberg (ekki snældusn.)	1	Tinna (eldsláttusteinn)	4
Kvarnarsteinn (ísl. hraungrjót)	1	Snældusnúður	1
Jaspis (eldsláttusteinn)	16+1	Brons - kopar (annað brotið yngra en 1226)	2
Skutull - spjótsoddur	1	Víkursteinar (blásvartir og ljósir)	7+1
Járnteinn (í fjórum brotum)	2+3	Blý	2
Járnhringur	2	Hnoð	4
Leirsteinn (í brotum, unnir?)	2	Járnpinni	1
Kola	2	Skrautsteinar (annar útlendur)	2
Járnkrókur	1	Gjall	2
Unninn steinn (einn í þremur brotum)	2+1	Leður?	1
Hamar	1	Öngull?	1

Tafla 1. Yfirlit yfir fjölda einstakra tegunda gripa (ekki bein, nema búrhvalstennurnar), sem fundist hafa frá upphafi rannsókna í Vogi. Þegar tekið er fram að um fundanúmer sé að ræða geta fleiri en eitt brot verið færð undir fundanúmerið, oft af sama gripnum. Feit- og skáletrun sýnir gripi fundna sumarið 2014, aðrar sýna fundi frá 2002-2013. Ekki er tekið tillit til óvissu í tegundagreiningu, sem kann að breytast við nánari úrvinnslu. Lausafundir eru taldir með í töflunni.

timbur eða hríslur á mismunandi hátt eftir því um hvaða tegund væri að ræða, rétt eins og gert er enn þann daginn í dag.

20 sýni voru nú send í greiningu. Eitt var of lítið til að hægt væri að greina það og fjögur reyndust vera annað en viður þegar til kom. Stungið var upp á því að það væri mór eða tað. Eitt þeirra fannst framan við eldstæðið og hin tvö fundust í mannvirkni 4. Hugsanlega eru þetta leifar af plöntum sem hafa verið nýttar í matarholuna (og líkjast því taði á vissan hátt). Sjá nánar Fylgiskjal I.

4.2 Gjóskugreiningar

Til stóð að freista þess að taka fleiri gjóskusýni úr veggjum skálans og úr túngarðinum, en ekki reyndist tími til að taka úr veggjum skálans og ekki var ástæða til að láta greina sýni sem tekin voru undir túngarðinum vegna þess að þau eru greinilega mun eldri en hann og segja því ekki neitt sem að gagni kemur.

Í síðustu skýrslu náðist ekki að greina frá niðurstöðum úr greiningu þriggja gjóskusýna sem þá voru tekin úr veggjum skálans. Tvö sýni voru tekin úr norðurvegg á skilum rýma B/C (sýni 51-52) og eitt úr sama vegg í rými D (sýni 50). Niðurstaðan er sú að sýnin tvö sem fyrr eru nefnd eru úr landnámslaginu. Efra sýnið var úr ljósa hluta lagsins en það neðra úr dökka hlutanum. Þriðja sýnið sem tekið var við rými D reyndist öllu snúnara. Þó liggur fyrir að lagið er líklega frá Reykjanesi, en úr hvaða gosi er ekki vitað enn sem komið er. Gjóskugreininguna annaðist dr. Þorvaldur Þórðarson prófessor, sjá fylgirit II.

4.3 Rostungar og C-14 greiningar

Í annari og þriðju skýrslu um rannsóknirnar í Vogi var því varpað fram að það væri allsendis ekki víst að rostungar hafi lifað hér við land í upphafi landnáms, heldur hafi hér verið löngu yfirgefin rostungalátur sem fólk gat gengið í og nýtt (Bjarni F. Einarsson 2009:18. 2011:21). Hinu sama var haldið fram í grein um rostunga o.fl. árið 2011 (ibid). Í skýrslu 5 kemur fram að stefnt hafi verið að því að senda rostungabein frá Snæfellsnesi í C-14 aldursgreiningu til að varpa nánara ljósi á tilgátuna um yfirgefin rostungalátur á Íslandi í lok járnaldar eða í upphafi landnáms. Í því sambandi komst á samvinna við Náttúrumuinjasafn Íslands (ibid 2013:12-13). Nú hafa fjögur sýni verið greind úr beinum sem fundist hafa nýlega á Snæfellsnesi og niðurstöður verða birtar sérstaklega síðar. Þó má segja að þær styðja tilgátuna mjög vel svo ekki sé meira sagt.

4.4 Fitusýrugreiningar

Eftir að rannsóknum lauk síðastliðið sumar komst á samvinna á milli Fornleifafræðistofunnar og Matís hf um greiningar á fitusýrum úr ýmsum fornleifarannsóknum víðsvegar um Ísland. Fulltrúi Fornleifafræðistofunnar í þessari samvinnu var Ármann Guðmundsson. Var einkum stefnt að því að skafa skánir af leirtaui og klébergsbrotum í þessu sambandi, en í ljós kom að greiningarnar gengu betur en ráð var fyrir gert. Því var ákveðið að reyna að greina jarðvegssýni frá Vogi að auki. Vinna við þessar greiningar eru enn í gangi en þó liggja fyrir frumniðurstöður sem eru afar spennandi. Ljóst er að í Vogi hefur fólk haft með höndum fæðu úr dýraríkinu og plönturíkinu, úr sjávarfangi og fræjum. Kemur það vel heima og saman við hugmyndina um að járnaldarsamfélagið nýtti allar þær auðlindir sem náðist í og hægt var að nýta með einhverju móti. Greininguna annaðist dr. Björn V. Aðalbjörndsson hjá Matís hf, sjá fylgirit III.

5 Niðurstaða

Nú hefur því verið haldið fram í tvígang að síðasta sumarið sé afstaðið, en lengi er von á einum. Enn á ný upplifðum við mannvirki sem ekki var hægt að klára á tilsettum tíma. Hluti af skýringunni er að mannvirkið var flóknara en svo að hægt væri að ljúka rannsókn á því á þeim tíma sem við höfðum til umráða og ekki fékkst það fé sem þrátt fyrir allt var sótt um til að ljúka rannsóknum.

Hús 3 er nú örugglega svokallað jarðhýsi af nokkuð algengri gerð, þó vissir þættir í því séu sjaldgæfir og jafnvel einstakir eins og veggjagerðin. Húsið hafði að geyma tvö eldstæði, annað af klassískri gerð í horni og hitt nokkuð sérstakt á miðjum langvegg. Húsið var ekki alveg nægilega niður grafið til að uppfylla ströngustu kröfur um jarðhýsi, en á móti kemur að grafið hafði verið niður á hraunhelluna og neðar var ekki hægt að komast með góðu.

Gripafjöldi í húsinu var ekki eins mikill og vonir höfðu staðið til, en í fylling hússins fannst afskorinn hluti af tönn sem gaf fyrirheit um að fleiri slíkra gripa gæti verið að vænta á gólfí hússins og þá hefði staðið heima að þarna voru tennur unnar og undirbúnar fyrir útflutning. Svo var ekki.

Húsið var mun verr farið en skálinn og það gæti þýtt að það hafi verið aflagt eithvað áður en sjálfur staðurinn var yfirgefinn. Þá hefur jarðhýsið tilheyrt fyrsta skeiði dvalar fólks á staðnum og þegar stór skáli hafði verið byggður, eða öllu heldur litlu húsi breytt í skála, lauk hlutverki þess og skálinn tók við því.

ENN styrkist sú tilgáta að Vogur sé útstöð frá N-Evrópu og sé undanfari hins eiginlega landnáms sem átti sér stað í kjölfarið og kannski einmitt vegna þeirrar reynslu sem fólk hafði fengið af slíkum útstöðvum víðar um landið!

6 Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. „Granastadir-grophuset och andra isländska graphus i ett nordiskt sammanhang: deras funktion och betydelse i kolonisationsförfloppet i Island.“ *Viking* 55, 1992. Bls. 95–119.
- Ibid. *The Settlement of Iceland; a Critical Approach. Granastaðir and the Ecological Heritage*. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík 1995.
- Ibid. *Vogur. Landnámsminjar í Höfnum, Reykjanesbæ*. Endurbætt útgáfa. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2004.
- Ibid. *Vogur. Landnámsbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla II. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2009.
- Ibid. *Vogur. Landnámsbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla III. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2011.
- Ibid. *Vogur. Landnámsbýli í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla IV. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Ibid. *Vogur. Útstöð í Höfnum, Reykjanesbæ*. Skýrsla V. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2013.
- Ibid. „Róum við í selin, rostungs út á melinn.“ *Fjöruskeljar*. Afmælisrit til heiðurs Jónínu Hafsteinsdóttur sjötugri 29. mars 2011. Ritnefnd. Guðrún Kvaran, Hallgrímur J. Ámundason og Svavar Sigmundsson. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Reykjavík 2011. Bls. 31-52.
- Guðmundur Ólafsson. „Grelutóttir. Landnámsbær á Eyri við Arnarfjörð.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags* 1979. Reykjavík 1980. Bls. 25-73.

- Lucas, Gavin. *Hofstaðir: Excavations of a Viking Age Feasting Hall in North-Eastern Iceland*. Institute of Archaeology Monograph Series - 1. Reykjavík 2009.
- Samisk mat*. Exempel på mattraditioner som grund för det moderna samiska köket. Sametinget. Kiruna 2010.
- Steinunn Kristjánsdóttir. „Fornleifarannsókn á Geirsstöðum í Hróarstungu.“ *Múlaping 24* 1997. Byggðasögurit Austfirðinga. Útgefandi Héraðssamband Múlasýslu. Egilsstaðir 1997. Bls. 71-80.
- Suðvesturland. Fjórðungskort 1:300 000. Mál og menning 2009.
- Þór Magnússon. „Sögualdarbyggð í Hvítárholti.“ Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1972. Reykjavík 1973. Bls. 5-80.

7 Tæknilegar upplýsingar

Rannsóknarstaður:

Útstöð í Höfnum, Reykjanesbæ.

GPS staðsetning (Ísn-93):

E 319355 N 386532 (á X 150 Y 270) og E 319336 N 386527 (á X 150 Y 150).

Viðfangsefni:

Rúst 3 og mannvirki 4 (sem ekki kláraðist).

Staðfræðikort og/eða önnur kort

Kort/Map 1. Kortabók 1:300 000. Mál og menning. Reykjavík 2000.

Verkkaupandi/kostunaraðili

Fornminjasjóður, Menningarsjóður Suðurnesja, Reykjanesbær og Fornleifafræðistofan.

Ábyrgðaraðili:

Bjarni F. Einarsson, Fornleifafræðistofunni.

Leyfi Fornleifaverndar (Minjastofnunar):

5. maí 2014.

Leyfisnúmer:

2003050026.

Þjms númer:

Þjms 2014-08.

Starfsmenn:

Ármann Guðmundsson, fornleifafræðingur.
 Ármann Dan Árnason, fornleifafræðinemi.
 Bjarni F. Einarsson, fornleifafræðingur.
 Viktoría Halldórsdóttir, fornleifafræðinemi.
 Oliver Organista, miðaldafræðinemi.
 Kevin McAleese, fornleifafræðingur frá þjóðminjasafni Nýfundnalands (*The Rooms*).

Forvarsla:

Janis Mitchell. Fornleifafræðistofunni.

Sérfræðingar:

Dr. Þorvaldur Þórðarsson, jarðfræðingur. Greindi gjósku (niðurstaðna að vænta í janúar 2014).

Dr. Ólafur Eggertsson, jarðfræðingur. Greindi viðartegundir.

Dr. Björn V. Aðalbjörnsson, lífefnafræðingur hjá Matís hf.

Beta Analytic Inc. Mun greina aldur sýna ef til þess kemur (C-14).

Rannsóknartími:

26. maí - 13. júní 2014.

Hnitakerfi:

Eigið (tveir puntar GPS mældir í Ísn. 93 sbr. hér að ofan).

Hæðarkerfi:

Eigið.

Grafinn flötur:

Ekki mældur sérstaklega.

Geymsla gagna:

Öll gögn verða geymd á Fornleifafræðistofunni þar til annað verður ákveðið. Öllum gripum hefur verið skilað forvörðum á Þjóðminjasafn Íslands.

Skýrsla hjá:

M.a. Fornleifavernd ríkisins, Landsbókasafni, Byggðasafni Reykjavíkur, Reykjavík og Fornleifafræðistofunni.

8 Dagbók 2014

26. maí.

Eftir stopp á Byggðasafninu var komið í Hafnir skömmu eftir hádegi. Þá var rigning og kallt. Torfið sem sett hafði verið ofan í rannsóknarsvæðið í kring um hús 3 var tekið í burtu og sömuleiðis var stungið ofan af svæði austur af því.

27. maí.

Kallt í veðri fram undir hádegi, þá fór aðeins að birta til. Grafið var í eystri helmingi húss 3 til að fá fram snið og sjá hvort holan eftir húsið hafi verið notuð sem ruslahola eða ekki. Svo virðist sem hún hafi ekki verið notuð sérstaklega sem slík, en í henni fundust mannvistarlagsslettur alveg eins og annarsstaðar á svæðinu sem þýðir væntanlega að ösku hefur verið kastað út úr skálanum hist og her, en ekki á neinn einn stað. Sem sagt enginn eiginlegur öskuhaugur til eins og vænta má á bæjarstæði þar sem búið er allt árið í mörg ár.

29. maí.

Ekkert er að koma í ljós sem bendir til þess að annað jarðhýsi sem við hliðina á húsi 3 og hús 3 virðist nú vera einfaldara en búist var við. Góflið virðist ekki ná yfir allann gólfloftinn og gripir eru færri en búist var við. Þó getur enn verið að neðar sé gólf, þó hæð eldstæðisins gefi það ekki til kynna.

3. júní

Í dag og í gær hefur veður verið mjög gott, þó vindurinn hafi ekki verið hægur eins og venjulega. Egill Ibsen kom með flygildi sitt og myndaði rústirnar úr lofti með hágæða myndavél. Það tókst vel þrátt fyrir vindin.

Við höfum skýrt reitina two sem nú hafa verið opnaðir A og B. Í reit A virðist ekkert vera að gerast, en í reit B er grjót sem myndar form sem minna á lítinn bát. Hér gæti eittvhað spennandi verið á ferðinni. Ljóst er að opna þarf reit austan við reit B (reitanöfnin eru hrein vinnunöfn sem trúlega munu ekki lifa af veturinn).

Merkilega fáir gripir hafa enn komið í ljós í jarðhýsinu. Einhver skýring hlýtur að vera fyrir því! Við tökum sýni úr ýmsum útgáfum af gólfini, sem nær ekki alveg yfir nyrðri hlutann, og setjum sum þeirra í fitugreiningu. Ljóst er að við verðum að reyna að fá úr því skorið hvað svarti sallinn sem tekin var úr eldstæðinu í fyrra er fyrir nokkuð.

6. júní

Kevin McAleese kom í morgun til að taka þátt í rannsóknunum, en hann kemur frá Þjóðminjasafni Nýfundnalands í St.Johns. Gröfumaður kom einnig í dag til að grafa í gegnum túngarðinn svo hægt verði að kanna gjóskur eldri en landnámslagið. Hann gróf einnig two leitarskurði austan við aðal-rannsóknarsvæðið og svo þvert á fyrirbæri sem sást á hágæða loftmynd suðsuðaustan við kirkjuna. Þá erum við búin að grafa í nær hvern einasta hól í kring um skálann og ætíð gripið í tömt.

Suðaustan við jarðhýsið kemur í ljós torfveggur sem ekki virðist vera hluti af neinu. Hann verðum við að elta. Hugsanlega tengist hann mannvirki 4 eða að þetta sé einhversskonar skjólgarður fyrir húsin tvö, skálann og jarðhýsið.

- Í austur setinu í jarðhýsinu var jarðvegur lausari í sér en venjulega. Það gæti bent til þess að þetta sé uppgjort set úr áfoksjarðvegi.
- Undir yfirliggjaranum í ofninum í jarðhýsinu var áberandi skán sem myndaði einhskonar smákúlur á yfirborði hellunnar. Sýni voru tekin svo hægt sé að kanna hvort þetta kunni að vera eftir tjöru. Einnig voru mörg sýni tekin til fitusýrugreiningar í tengslum við matarverkefnið.
- Sérkennilegt hvernig ofniinni snýr skáhalt inn í rýmið í jarðhýsinu. Einnig sérstakt hve gólfíð er mishæðótt, þ.e.a.s. því hallar stöðugt inn að miðju.
- Hugsanlega er annað eldstæði við miðjann suðurvegginn.
- Hugsanlega er stoðarhola við austurvegginn miðjan. Getur þá önnur verið vestan við hellulögnina þar?
